



50. Ársþing Judosambands Íslands



Ársskýrsla JSÍ 2020



Skýrsla stjórnar

Ársþing 2020

49. ársþing Judosambands Íslands var haldið 23. maí í húsakynnum ÍSí.

Í aðalstjórn tímabilið 2020-2022 voru eftirfarandi aðilar kosnir:

Arnar Freyr Ólafsson, Bjarni Skúlason, Kristján Daðason og Karen Rúnarsdóttir.

Í varastjórn tímabilið 2020-2021 voru eftirfarandi aðilar kosnir:

Teitur Sveinsson, Logi Haraldsson og Arnar Þór Sigurðsson.

Skoðunarmenn reikninga:

Runólfur Gunnlaugsson og Gísli Jón Magnússon til vara.

Í dómaranefnd voru kosnir: Sævar Jóhann Sigursteinsson, Birkir Hrafn Jóakimsson og Björn Sigurðarson. Til vara, Daníel Ólafsson, Jón Kristinn Sigurðsson og Yoshihiko Iura.

Í aganefnd voru kosnir: Teitur Sveinsson, Haraldur Baldursson og Víkingur Víkingsson. Til vara Ásgeir Erlendur Ásgeirsson, Halldór Sveinsson og Daníel Reynisson.

Stjórnin

Stjórnin hélt 9 bókaða fundi. Á fyrsta fundi eftir ársþing 2020 skipti stjórnin með sér verkum. Arnar Ólafsson varaformaður, Ari Sigfússon ritari, Kristján Daðason gjaldkeri. Aðrir með stjórnendur.

Varastjórn var boðuð á alla fundi. Formaður Afreks og keppnisnefndar var valinn Arnar Ólafsson, formaður menntanefndar var valinn Bjarni Skúlason, formaður markaðs- og kynningarnefndar var valin Karen Rúnarsdóttir, Nefndarformenn báru ábyrgð á því að fá með sér aðila utan stjórnar í nefndir. Stjórn skipaði í Tækniráð Bjarna Friðriksson, Björn Halldórsson og Garðar Skaftason.

Árið 2020 - 2021 var tímabil mikillar óvissu í störfum JSÍ

Eltingaleikurinn við ÓL sem frestað var til 2021 hélt áfram á tímabilinu. Vegna Covid var mikið um frestanir og breytingar á mótum og því mikil vinna við skipulag, endurnýjun sóttvarnareglna og leit að flugi tóku mikinn tíma og orku frá öðru starfi. Sveinbjörn tók þátt í þeim mótum sem voru í boði og er sem stendur í 62 sæti heimslistans í sínum þyngdarflokki. Síðasta mót fyrir þing var í Tyrklandi, þar sem Sveinbjörn greindist með Covid og gat ekki keppt en þurfti að dúsa í 10 daga sóttkví eftir mót. JSÍ hefur stutt við bakið á Sveinbirni langt umfram það sem áætlað var í upphafi og finnst stjórn mikilvægt að sýna þeim sem á eftir koma að stutt er við þá sem eru tilbúnir til að leggja mikið á sig til að ná árangri og vinna með landsliðsþjálfara og landsliðsnefnd. Það hefur verið á brattan að sækja fyrir Sveinbjörn sem keppir í sterkasta þyngdarflokki karla eins og staðan er í dag. Það er frábært að fylgjast með baráttuandanum og seigluinni í Sveinbirni sem er að elta stóra drauminn sinn með stuðningi frá JSÍ og afrekssjóði ÍSí. Það væri óskandi að hægt væri að skapa betra vinnuumhverfi fyrir okkar besta íþróttafólk. Til þess þarf að auka skilning stjórnvalda á þeirri vinnu og þeirri fórn sem okkar bestu fyrirmyndir leggja á sig.

Uppskeruhátíð JSÍ

Í desember 2019 var haldin sjötta uppskeruhátíð JSÍ. Markmiðið með uppskeruhátíð JSÍ er að útnefna besta og efnilegasta Judofólk ársins ásamt því að heiðra og gráða þá sem unnið hafa Judo íþróttinni bæði gott og óeigingjarnt starf á liðnum árum.

Að þessu sinni var uppskeruhátíðin mjög lágstemmd í skugga samkomutakmarkana vegna Covid. En að þessu sinni var lögð áhersla á að verðlauna efnilegasta og besta Judo fólk ársins.

Judofólk ársins 2020

Judomaður ársins – Sveinbjörn Iura úr Ármanni

Sveinbjörn keppir í 81 kg flokki.

Judokona ársins – Ingunn Sigurðardóttir úr JR

Ingunn keppir í -70 kg flokki

Efnilegustu Judo menn ársins – Andri Ævarsson úr JR og Hrafn Arnarsson úr UMFS

Andri Keppir í -81 kg flokki og Hrafn í -90 kg flokki

Efnilegustu Judo konur ársins – Daniele Kucyte úr JR og Sara Ingólfssdóttir úr UMFS

Daniele keppir í -70 kg flokki og Sara í -57 kg flokki

Dan gráðanir ársins 2020

Jóhann Másson 3 dan, Gísli Egilson 3 dan.

Reykjavík Judo Open - RIG

Afmælistótt JSÍ, sem verið hefur í samstarfi við RIG undanfarin ár undir merkjum Reykjavík Judo Open. Mótið er orðið einn af kjölfestu viðburðum RIG og því fylgir árlega bein útsending í 90 mín á RÚV því til viðbótar var allt mótið sýnt beint á netinu og er nú varðveitt hjá Youtube. Á síðasta Reykjavík Judo Open voru eingöngu íslenskir keppendur, en í þetta sinn voru allir bestu íslensku keppendurnir með. Umgjörðin var óbreytt eins og um alþjóðlegt mót væri að ræða og var bein útsending að venju. Mótið var haldið án áhorfenda, en bein net útsending JSÍ var á öllu mótinu auk beinnar útsendingar RÚV frá úrslitum. Við framkvæmd mótsins var tekið til allra sóttvarnarreglna sem voru. En sóttvarnarreglur flæktu framkvæmd mótsins til muna. Framkvæmd og umgjörð mótsins er orðin með því móti að eftir er tekið bæði héraðis og erlendis

IJF og EJU þing

JSÍ var þátttakandi á ársþingi EJU á árinu, en þingið var haldið á Zoom. Að þessu sinni voru kosningar, en sjálfkjörið var í öll embætti. Mr. Soloveychick forseti EJU lagði mikla áherslu á tvö mál, fyrsta lagi árangur Evrópuþjóða á ÓL2021 og hins vegar að þróa Judo kennslu fyrir börn. Til að auka gæði þjálfunar er EJU með Improve your club verkefni í forgangi hjá EJU, JSÍ ásamt Judodeildum landsins ættu að sameinast um að fá Improve your club námskeið til landsins. Í Improve your club verkefninu er lögð áhersla á að bestu þjálfarar innan EJU og víðar komi og kenni þjálfurum með áherslu á þjálfun barna og unglinga.

Erlend samskipti

Formenn Judosambanda á norðurlöndum halda samráðsfundi á Norðurlandamótum ár hvert og á þingum EJU og IJF ef mæting er næg. Mikið hefur verið rætt um áhrif norðurlanda sem sameiginleg hreyfing innan alþjóða og Evrópu sambanda. Einnig er skipst á upplýsingum um hvað gengur vel í hverju landi og við hvað samböndin eru að glíma. Svíar hafa náð góðum árangri í samvinnu við tryggingafélög að kenna almenningi fallæfingar. Mikill vilji er hjá þeim að aðstoða önnur sambönd í sambærilegri vinnu. JSÍ hefur boðið þeim aðilum sem um þetta verkefni sjá á norðurlandamótið 2021 til að læra af og kynna verkefnið fyrir JSÍ og tryggingafélögum. Annað verkefni sem hefur legið þungt á JSÍ er staðsetning norðurlandamóta, en önnur norðurlönd bjóða mótahaldið út og eru því mótin iðulega haldin á stöðum sem bæði er langt og dýrt að ferðast til t.d. var NM í Finnlandi haldið í þorpi jólasveinsins fyrir norðan heimskautsbaug. JSÍ hefur verið að berjast fyrir þeirri samþykkt að NM verði haldið í kringum alþjóðaflugvelli þ.a. við getum stýtt ferðatíma og lækka kostnað fyrir hvern keppanda. Með því móti getur JSÍ valið fleiri keppendur og styrkt á þessu mót. Við höfum á brattann að sækja þar sem landsliðsþjálfari Svía telur NM vera tímaskekkju sem eigi að leggja niður og búa til Baltic open eða enn stærra mót.

Afreks- og keppnisnefnd

Afreks- og keppnisnefnd skipuðu Arnar Ólafsson, formaður nefndar, Jóhann Másson og Þormóður Jónsson. Í upphafi voru markmið skilgreind sem unnið var eftir á starfsárinu. Framkvæmdastjóri, Þormóður Jónsson sá alfarið um mótshald og samskipti við ÍSÍ og EJU / IJF vegna móta og skráninga. Við úthlutun úr Afrekssjóði fékk JSÍ um 10M sem er hæsti styrkur sem veittur hefur verið til JSÍ á vegum Afrekssjóðs ÍSÍ. Þetta kom sér einstaklega vel þar sem öll verkefni ársins voru margfalt dýrari en áður vegna Covid.

Mikil vinna var lögð í að búa til starfsáætlun nefndarinnar. Starfsáætlun Afreks og keppnisnefndar markast að mestu af þátttöku í mótum landsliðsmanna erlendis. Því má segja að um útgjaldaáætlun hafi verið að ræða.

Formaður Afreks- og keppnisnefndar vann eins og árið áður keppnis og æfingaáætlun fyrir alla landsliðsmenn í samstarfi við landsliðsþjálfara og klúbba þjálfara landsliðsmanna. Er þetta verklag að þroskast og taka á sig mynd, en ekki er kominn almennur skilningur á þessu fyrirkomulagi hjá klúbbum sem ekki eru vanir svona skipulagi. Einnig hafði Covid veruleg áhrif á allt starf og skipulag Afreks- og keppnisnefndar þar sem erfitt var að sjá fyrir hvenær og hvar var hægt að keppa.

Afreks- og keppnisnefnd gerði samning við Sveinbjörn í samvinnu við Afrekssjóð ÍSÍ, en markmiðið er að allir aðilar sem taka þátt í landsliðs verkefnum geri samning við JSÍ hvort sem þeir eru á sér styrk frá afrekssjóði ÍSÍ eða ekki. Það er markmið JSÍ að færa landsliðið í enn faglegri og skipulagðari farveg en tíðkast hefur.

Allt mótahald hefur verið í uppnámi frá því í mars 2020, alls tókst að halda 3 mót á vegum JSÍ á tímabilinu. Í fyrsta sinn frá stofnun JSÍ var ekki haldið Íslandsmót, hvorki í einstaklings- né sveitakeppni.

Auk móta tókst að halda æfingabúðir eina helgi á Hellu s.l. sumar. Þótti takast vel til og er á dagskrá að halda slíkar æfingabúðir reglulega. Þessi viðburður var ekki síður félagslegur fyrir iðkendur sem ekki höfðu haft tækifæri til æfinga eða keppni í nokkurn tíma.

Þegar lokað var á æfingar og keppni til lengri tíma fékk JSÍ undanþágu til æfinga fyrir lítinn hóp sem var í undirbúning fyrir erlend verkefni. Fékkst reglulega undanþága fyrir 10-15 iðkendur auk þjálfara. Í framhaldi af þessum fordæmalausum aðstæðum þurfti keppandi að keppa undir merkjum JSÍ, sem einskonar flóttamaður, þar sem þjálfari í Judodeild hans neitaði að skrá hann til keppni f.h. viðkomandi Judodeildar. Fordæmi er fyrir slíku fyrirkomulagi hjá IJF.

Formaður Afreks- og keppnisnefndar freistaðist til þess að fá bólusetningu fyrir þá aðila sem taka þátt í ferðalögum vegna ÓL undirbúnings Sveinbjörns, en náði ekki athygli stjórnvalda í þeirri tilraun.

Markaðs- og útbreiðslunefnd

Vegna ástandsins í þjóðfélaginu þar sem samkomutakmarkanir og bann við æfingum voru allsráðandi á árinu var ákveðið að draga úr öllu markaðsstarfi, en nýta beinar útsendingar af þeim mótum sem þó voru haldin til að hafa smá líf í íþróttinni. Bein útsending var á youtube af öllum mótum og hefur JSÍ fjárfest í góðum búnaði til að tryggja góð gæði af upptöku og útsendingu móta. Einnig voru úrslit á RÍG send beint út á RÚV að venju og þökkum við RÚV góða samvinnu við erfiðar aðstæður.

Fjölmiðlar

Líkt og undanfarin ár hefur nokkuð þokast í rétta átt með að fá fréttir á helstu fjölmiðla landsins af árangri keppenda okkar. Eftir mót höfum við verið að senda fréttir á flesta fjölmiðla en það hafa aðallega verið Morgunblaðið og RÚV sem hafa birt fréttir. Við höfum sent frá okkur formlegar fréttatilkynningar sem hefur oft gefist ágætlega. Að fá beina útsendingu á RÚV er að gera mikið fyrir kynningarstarfið og skiptir okkur miklu máli. Framkvæmdastjóri JSÍ hefur séð um þessa vinnu og staðið sig vel. Það að eiga keppanda sem stefnir á ÓL skiptir miklu máli varðandi umfjöllun, sérstaklega þegar útlit er fyrir að Ísland eigi fáa fulltrúa á ÓL. Sveinbjörn hefur fengið þó nokkra umfjöllun

og staðið sig vel í viðtölum, en JSÍ þarf að huga að því að veita sínu fremsta keppnisfólki þjálfun í fjölmiðla framkomu.

Einnig eru persónulegir Instagram reikningar einstaka Judo deilda og iðkenda að verða að mikilvægum miðli fyrir okkar íþrótt.

Menntanefnd

Unnið hefur verið áfram með HR varðandi meistaranema sem sér um rannsóknir og mælingar á þreki, styrk, úthaldi og andlegum þætti afrekssfélks í Judo. Gert er ráð fyrir að samstarfið geti hafist í haust þegar það fæst meistaranemi til að taka að sér verkefnið. Formaður Landsliðs og menntanefndar ásamt framkvæmdastjóra og landsliðsþjálfara munu vera í forsvari fyrir verkefnið. Námskeiðið Judopjálfari I er í endurskoðun og efnistöðum verður breytt eins og tilefni þykir til. Björn Sigurðarson, fyrrum formaður menntanefndar, starfar enn með nefndinni að endurskoðun námsins ásamt Hans Rúnari Snorrassyni.

Frágangur á Judopjálfa II hefur frestast en er til skoðunar og ef allt gengur að óskum verður sá hluti þjálfaranáms JSÍ í boði haustið 2023.

Afrekssjóður

Úthlutanir úr afrekssjóði hafa aukist ár frá ári undanfarin ár samkvæmt samningi við ríkisvaldið. Með auknum fjármunum kemur aukin ábyrgð og miklar kröfur fylgja þessum úthlutunum og eru þær mjög skilyrtar til að tryggja að sérsambönd auki fagmennsku í sínu starfi. Auk þess er alltaf krafa um sambærilega fjármögnun á móti þ.a. sérsambönd þurfa að vera vakandi í annarri tekjuöflun. Önnur breyting sem gerð hefur verið varðandi úthlutun er að ekki er lengur úthlutað á einstaka iðkanda heldur er úthlutað á sambandið sem verður á vinna samkvæmt áætlun og markmiðum um faglegt afrekstarf. Undanfarin 2 ár hefur fengist auka fjárveiting sérstaklega eyrnamerkt Sveinbirni til að styðja við tilraun til að komast á ÓL2021, sá styrkur hefur verið skilyrtur því að gerður sé leikmannasamningur við Sveinbjörn. Stjórn JSÍ fagnar kröfu um leikmannasamning og mun leitast við að gera slíka samninga við alla sem taka að sér landsliðsverkefni.

Aganefnd JSÍ

Aganefnd fékk engin verkefni þetta starfsárið.

Dómaramál

Aftur var rætt um hvernig hægt er að fjölga þeim sem stunda dómgæslu, dómaranefnd vísaði frá sér þeirri ábyrgð og vinnu. Stjórn fékk tvo aðila til að vinna tillögur og koma í framkvæmd verkefni til að kynna dómarastarfið og vinna að fjölgun dómara. Covid gerði það að verkum að ekki var mögulegt að heimsækja Judo deildir. Vonast er til að hægt verði að hefja þessa vinnu á haustmánuðum 2021, markmiðið er að vinna þessa vinnu í góðu samstarfi við dómaranefnd.

Norðurlandamót 2020 átti að verða NM 2021 en verður NM 2022

JSÍ átti að halda NM2020 í apríl s.l. vegna Covid var mótinu frestað fram í september, en ekki var mögulegt að halda mótið í september, í góðu samstarfi við formenn Judo sambanda annarra norðurlanda var ákveðið að halda mótið í apríl 2021, sem varð ekki mögulegt og er mótið því á dagskrá í Reykjavík í lok september 2021. Vonumst við til að það skipulag gangi eftir. Nú rétt fyrir þing var ákveðið af formönnum allra Judosambanda norðurlandanna að fresta enn frekar NM í Judo vegna Covid fram á vor 2022. Því verða ekki mót árin 2020 og 2021 sem er einsdæmi.

Dýnumál

Í miðjum faraldri fengum við afhentar nýja dýnur. Fékk JSÍ tvo keppnisvelli með öryggissvæði, dýnurnar komu frá Ítalíu sem er lýsandi fyrir faraldurinn sem dreifðist um Evrópu frá Ítalíu. Á RIG 2021 tókst að vígja dýnurnar sem

sönnuðu gildi sitt vel á því móti. Bæði varðandi mýkt en ekki síður varðandi umsjón, bæði að leggja þær og taka upp ásamt því að þær eru festar saman og mynda því ekki bil sem þarf að laga á miðju móti.

Heimsfaraldur heldur áfram að hafa veruleg áhrif á Judo iðkun og keppni

Heimsfaraldur af völdum Covid-19 veirunnar hefur enn mikil áhrif á allt íþróttastarf. Allar æfingar og keppnir voru settar á bið reglulega frá því í mars 2020. Að reyna að koma sér á ÓL 2021 er sérstaklega snúið og óhemju dýrt í þessu ástandi. Sveinbjörn hefur farið á þau mót sem eru í boði. Þormóður, framkvæmdastjóri JSÍ, hefur staðið í ströngu að skipuleggja ferðir og skráningar á mót ásamt því að leysa af landsliðspjálfa þegar þess hefur þurft. Kunnum við í stjórn JSÍ þormóði miklar þakkir fyrir hans framlag, sem er langt umfram vinnuskyldu og þess sem hægt er að ætlast til af starfsmanni í 50% starfi. um óákveðinn tíma frá því mars 2020.

Úrsögn JD UMFN úr JSÍ

Á árinu sagði eitt af aðildarfélögum Judosambands Íslands sig úr JSÍ en það var UMFN.

Var þetta einhliða ákvörðun UMFN og án alls samráðs við JSÍ eða ÍSÍ.

Eftirsjá er af UMFN en miklar væntingar voru bundnar við starfið í Njarðvík.

Þakkar JSÍ samstarfið við UMFN á liðnum árum þó á stundum hafi það verið stormasamt og óskar UMFN alls hins besta og velfarnaðar í framtíðinni.

Nafnalisti Svart belta JSÍ frá 1966 til 31. Desember 2020

Nafnalisti svartbelta JSÍ frá 1966 til 31. desember 2020									
	Nafn	Félag	Ár	Gráða		Nafn	Félag	Ár	Gráða
1	Yoshihiko Iura	Ármann	2013	8. dan	51	Logi Haraldsson	JR	2017	2. dan
2	Bjarni Ásgeir Friðriksson	JR	2012	7. dan	52	Magnús Hersir Hauksson	UMFP	2010	2. dan
3	Halldór Guðbjörnsson	JR	2014	6. dan	53	Magnús Ólafsson	JR	2005	2. dan
4	Björn Halldórsson	ÍR	2015	5. dan	54	Ragnar Jónsson	JR	1970	2. dan
5	Höskuldur Einarsson	JR	2016	5. dan	55	Reimar Stefánsson	JR	1984	2. dan
6	Jóhannes Haraldsson	UMFG	2015	5. dan	56	Sigurður H. Bergmann	UMFG	1993	2. dan
7	Eysteinn Þorvaldsson	JR	2005	4. dan	57	Snævar Már Jónsson	JR	2005	2. dan
8	Garðar Hrafn Skaftason	UMFS	2019	4. dan	58	Svavar Marteinn Carlsen	JR	1983	2. dan
9	Gísli I. Þorsteinsson	Ármann	1984	4. dan	59	Thor Vilhjálmsson	JR	2005	2. dan
10	Jón Óðinn Waage	KA	2010	4. dan	60	Vernharð Þorleifsson	Ármann	1999	2. dan
11	Kolbeinn Gíslason	JR	2010	4. dan	61	Þorvaldur Blöndal	Ármann	2016	2. dan
12	Sigurður H Jóhannsson	JR	1983	4. dan	62	Þórir Rúnarsson	JR	2008	2. dan
13	Sævar Jóhann Sigursteinsson	Ármann	2016	4. dan	63	Eysteinn Finnsson	Ármann	2009	1.dan
14	Össur Torfason	Kjarni	1997	4. dan	64	Adeline Veronique Deschamps	JR	2001	1. dan
15	Freyr Gauti Sigmundsson	KA	1999	3. dan	65	Alexander Heiðarsson	KA	2017	1. dan
16	Gísli Fannar Egilson	ÍR	2020	3. dan	66	Antje Muller	Ármann	?	1. dan
17	Gunnar Jóhannesson	UMFG	2016	3. dan	67	Ari Sigfússon	JR	2017	1. dan
18	Jóhann Mátsson	JR	2020	3. dan	68	Arnar Már Viðarsson	KA	2013	1. dan
19	Marija Dragic Skúlason	Ármann	2001	3. dan	69	Arnar Rúnar Marteinsson	JR	1986	1. dan
20	Sigurður Kr Jóhannsson	JR	1993	3. dan	70	Axel Ingi Jónsson	JR	?	1. dan
21	Sigurður Pálsson	JR	1991	3. dan	71	Ármann Guðjónsson	KA	1999	1. dan
22	Sigurjón Kristjánsson	JR	2014	3. dan	72	Ármann Þór Sveinsson	UMFG	2016	1. dan
23	Tryggvi Þór Gunnarsson	Ármann	2016	3. dan	73	Árni Pétur Lund	JR	2017	1. dan
24	Viðar Helgi Guðjohnsen	Ármann	1992	3. dan	74	Ásgeir E. Ásgeirsson	ÍR	2017	1. dan
25	Þormóður Árni Jónsson	JR	2016	3. dan	75	Ásta Lovísa Arnórsdóttir	JR	2011	1. dan
26	Þóroddur Þórhallsson	Ármann	1986	3. dan	76	Áspór Loki Rúnarsson	JR	2015	1. dan
27	Adam Brands Þórarinnsson	KA	2018	2. dan	77	Baldur Pálsson	JR	?	1. dan
28	Anna Hjaltadóttir	Kjarni	1984	2. dan	78	Baldur Stefánsson	KA	1989	1. dan
29	Anna Soffía Víkingsdóttir	KA	2018	2. dan	79	Bergþór Steinn Jónsson	KA	2009	1. dan
30	Arnar Már Jónsson	UMFP	2018	2. dan	80	Berenika Bernat	KA	2019	1. dan
31	Benedikt Pálsson	JR	2007	2. dan	81	Birgir Páll Ómarsson	Ármann	2006	1. dan
32	Bergur Pálsson	UMFS	2012	2. dan	82	Birkir Hrafn Jóakimsson	UMFS	2017	1. dan
33	Bjarni Skúlason	Ármann	2017	2. dan	83	Bjarni Darri Sigfússon	UMFN	2017	1. dan
34	Björn Sigurðarson	Ármann	2017	2. dan	84	Björn H. Óskarsson	ÍR	2009	1. dan
35	Daníel Reynisson	Ármann	2017	2. dan	85	Björn Harðarson	KA	1998	1. dan
36	Egill Ásbjörnsson Blöndal	UMFS	2017	2. dan	86	Björn Lúkas Haraldsson	UMFG	2014	1. dan
37	Eiríkur Ingi Kristinsson	JR	1991	2. dan	87	Breki Bernharðsson	KA	2012	1. dan
38	Gígja Guðbrandsdóttir	JR	2005	2. dan	88	Brynjar Helgi Ásgeirsson	KA	2000	1. dan
39	Gísli Jón Magnússon	Ármann	2017	2. dan	89	Darri Kristmundsson	Ármann	2002	1. dan
40	Guðmundur Þ Rögnvaldsson	JR	1984	2. dan	90	Davíð Áskelsson	Ármann	2018	1. dan
41	Guðmundur Þór Sævarsson	Ármann	2017	2. dan	91	Davíð Kristjánsson	Ármann	?	1. dan
42	Halldór Hafsteinsson	Ármann	1989	2. dan	92	Davíð Víðisson	JR	2017	1. dan
43	Hans Rúnar Snorrason	KA	2017	2. dan	93	Davíð Örn Jónsson	JR	2013	1. dan
44	Hákon Örn Halldórsson	JR	1993	2. dan	94	Dofri Bragason	JR	2016	1. dan
45	Heimir Sigurður Haraldsson	Ármann	2003	2. dan	95	Einar Örn Hreinsson	UMFT	2014	1. dan
46	Helgi Júlíusson	JR	1991	2. dan	96	Elfar Davíðsson	Ármann	2018	1. dan
47	Jón Þór Þórarinnsson	JR	2016	2. dan	97	Emil Þór Emilsson	JR	2017	1. dan
48	Jónas Blöndal	Ármann	?	2. dan	98	Eyjólfur Eyfells	JR	2008	1. dan
49	Kári Jakobsson	JR	2007	2. dan	99	Eyjólfur Guðjónsson	KA	2009	1. dan
50	Kjartan Magnússon	ÍR	2016	2. dan	100	Friðrik Blöndal	KA	1997	1. dan

Nafnalisti svartbelta JSÍ frá 1966 til 31. desember 2020

	Nafn	Félag	Ár	Gráða		Nafn	Félag	Ár	Gráða
101	Gils Matthíasson	Ármann	1994	1. dan	151	Kristján Örn Óskarsson	JR	2015	1. dan
102	Gígja Gunnarsdóttir	Ármann	?	1. dan	152	Margrét Ragna Bjarnadóttir	Ármann	2003	1. dan
103	Gísli Hansson Wiium	Víkingi	1994	1. dan	153	Margrét Þráinsdóttir	Ármann	1985	1. dan
104	Grímur Ívarsson	UMFS	2018	1. dan	154	Max Jónsson	KA	1998	1. dan
105	Guðlaugur Halldórsson	KA	1989	1. dan	155	Maya Staub	Ármann	2011	1. dan
106	Guðmundur B. Jónasson	JR	2017	1. dan	156	Máni Andersen	JR	2005	1. dan
107	Guðmundur Smári Ólafsson	UMFS	1998	1. dan	157	Miklós Endre Balázs	JR	2008	1. dan
108	Guðmundur Stefán Gunnarsson	UMFN	2019	1. dan	158	Niels Hermansson	Ármann	1983	1. dan
109	Guðmundur Tryggvi Ólafsson	UMFS	2007	1. dan	159	Ólafur Hrafnkell Baldursson	Ármann	2002	1. dan
110	Guðni Kárasen	Ármann	1967	1. dan	160	Ólafur Ingólfsson	JR	2002	1. dan
111	Gunnar Egill Sigurðsson	Ármann	1970	1. dan	161	Ómar Sigurðsson	UMFK	1983	1. dan
112	Gunnar Jón Jónasson	JR	?	1. dan	162	Óskar Arnórsson	Ármann	2011	1. dan
113	Gunnar Þorvaldsson	ÍR	2012	1. dan	163	Ragnar Logi Búason	KA	2011	1. dan
114	Gunnar Örn Arnórsson	KA	2014	1. dan	164	Ragnar Stefánsson	JR	2016	1. dan
115	Gunnar Örn Guðmundsson	Ármann	2017	1. dan	165	Raphael Louis José Leroux	ÍR	2002	1. dan
116	Gunnar Örn Guðmundsson	UMFK	?	1. dan	166	Runólfur V Gunnlaugsson	JR	1987	1. dan
117	Haukur Ólafsson	Ármann	1985	1. dan	167	Rúnar Guðjónsson	JR	1985	1. dan
118	Haukur Suska Garðarsson	Pardus	1994	1. dan	168	Rúnar Snæland Jósefsson	KA	1993	1. dan
119	Heimir Kjartansson	JR	2002	1. dan	169	Rúnar Þór Þórarinnsson	JR	2010	1. dan
120	Helga Hansdóttir	KA	2010	1. dan	170	Rögnvaldur Guðmundsson	JR	?	1. dan
121	Hermann R. Unnarsson	JR	2009	1. dan	171	Sigurbjörn Sigurðsson	UMFK	1988	1. dan
122	Hermann Valsson	Ármann	2004	1. dan	172	Sigurður Þráinn Kárasen	Ármann	1968	1. dan
123	Hilmar Jónsson	Ármann	1983	1. dan	173	Sigurpáll Albertsson	UMFG	2016	1. dan
124	Hilmar Kjartansson	Ármann	2003	1. dan	174	Smári Stefánsson	KA	1999	1. dan
125	Hilmar Trausti Harðarson	KA	1998	1. dan	175	Stefán Jökull Sigurðarson	Ármann	2013	1. dan
126	Hilmar Þór Leifsson	JR	1990	1. dan	176	Steinar Eypór Valsson	KA	2011	1. dan
127	Hinrik Sigurður Jóhannesson	KA	1997	1. dan	177	Sveinbjörn Jun Iura	Ármann	2011	1. dan
128	Hjördís Erna Ólafsdóttir	JR	2003	1. dan	178	Sævar Þór Róbertsson	JR	?	1. dan
129	Hörður G. Albertsson	JR	1983	1. dan	179	Theódór Kristjánsson	Ármann	2017	1. dan
130	Hörður Jónsson	UMFG	?	1. dan	180	Tómas Helgi Tómasson	Ármann	2014	1. dan
131	Ingi Þór Kristjánsson	JR	2013	1. dan	181	Valbjörn Helgi Viðarsson	KA	2014	1. dan
132	Ingibergur Jón Sigurðsson	JR	?	1. dan	182	Valdimar Runólfsson	Ármann	2003	1. dan
133	Ingibjörg Guðmundsdóttir	Ármann	2002	1. dan	183	Viðar Kárasen	JR	2005	1. dan
134	Ingimar Halldórsson	Ármann	2018	1. dan	184	Vignir G. Stefánsson	Ármann	1996	1. dan
135	Ingunn Rut Sigurðardóttir	JR	2017	1. dan	185	Viktor Bjarnason	JR	2010	1. dan
136	Ingbór Örn Valdimarsson	KA	2009	1. dan	186	Vilhelm Svansson	Ármann	2011	1. dan
137	Jóhanna Tryggvadóttir	Ármann	?	1. dan	187	Vilhelm Þorri Vilhelmsson	KA	2010	1. dan
138	Jón Egilsson	JR	2016	1. dan	188	Víðir Guðmundsson	KA	1997	1. dan
139	Jón Gunnar Björgvinsson	Ármann	1996	1. dan	189	Víkingur Þórir Víkingsson	JR	2005	1. dan
140	Jón Hlíðar Guðjónsson	JR	2013	1. dan	190	Þorgrímur Hallsteinsson	ÍR	2013	1. dan
141	Jón Ingvar Garðarsson	JR	2009	1. dan	191	Þorsteinn Hjaltason	KA	1991	1. dan
142	Jón Kristinn Sigurðsson	KA	1998	1. dan	192	Þorsteinn L. Jóhannesson	Ármann	1990	1. dan
143	Jón Kristinn Þórsson	JR	1995	1. dan	193	Þór Davíðsson	UMFS	2011	1. dan
144	Jósep Birgir Þórhallsson	JR	2002	1. dan	194	Þóra Þórisdóttir	Ármann	1979	1. dan
145	Karel Guðmundur Halldórsson	JR	1990	1. dan	195	Ægir Már Baldvinsson	UMFN	2017	1. dan
146	Karl Ólafur Erlingsson	JR	1983	1. dan	196	Ægir Valsson	JR	2018	1. dan
147	Karl Stefánsson	KA	2013	1. dan	197	Örn Arnarson	JR	2002	1. dan
148	Kjartan Már Svavarsson	JR	?	1. dan	198				
149	Kristján G. Valdimarsson	JR	1984	1. dan	199				
150	Kristján Jónsson	JR	2007	1. dan	200				

Úrslit móta ársins 2020

Reykjavík Judo Open - RIG 25. Jan.

W -57 (4)				M -73 (10)		
1	Aleksandra KALETA	POL		1	Zaza SIMONISHVILI	ISL
2	Charlie BOND	GBR		2	Yoan TUTUNAROV	NOR
3	Ásta ARNÓRSDÓTTIR	ISL		3	Breki BERNHARDSSON	ISL
4	Sidney TANCOCK	GBR		3	Martin KAZARIAN	DEN
W -63 (7)				5	Viktor BJARNASON	ISL
1	Natalia KROPSKA	POL		5	Gareth WILLIAMS	GBR
2	Kristýna POLASKOVA	CZE		7	Andres PALMA	ISL
3	Asta HAGELSKJAER	DEN		7	Jóel REYNISSON	ISL
3	Zacheja AGATA	POL		M -81 (13)		
W -70 (3)				1	Drzymał PAWEŁ	POL
1	Rosa ALSGAARD	NOR		2	Pavel SVEC	CZE
2	Isabella LAURITSEN	DEN		3	Matias KOLLERUD	NOR
3	Cathrine HAESTRUP	DEN		3	Fredrik SVÄRDSTRÖM	SWE
W -78 (5)				5	Erik ALSGAARD	NOR
1	Ingunn SIGURÐARDÓTTIR	ISL		5	Tammar ALMALI	IRQ
2	Heiðrún PÁLSDÓTTIR	ISL		7	Logi HARALDSSON	ISL
3	Natalia STOBINSKA	ISL		7	Maher SADEK	DEN
4	Hansa ELLINGSGAARD	FAR		M -90 (6)		
5	Anna STEINBERG	FAR		1	Jiri PETR	CZE
M -60 (5)				2	Mohammad SEDAGHATI	NOR
1	Jamie DREW	GBR		3	Úlfur BÖÐVARSSON	ISL
2	Fríði CARLSSON	FAR		3	Adam ÞÓRARINSSON	ISL
3	Daníel ÁRNASON	ISL		M +100 (4)		
4	Dofri BRAGASON	ISL		1	Michal HORAK	CZE
5	Benedikt MAGNÚSSON	ISL		2	Martti PUUMALAINEN	FIN
M -66 (7)				3	Karl STEFÁNSSON	ISL
1	Karel BURIÁNEK	CZE		4	Guðmundur GUNNARSSON	ISL
2	Sergio MANSILLA	NOR				
3	Ingólfur RÖGNVALDSSON	ISL				
3	Bárður LENVIG	FAR				

Afmælistótt JSÍ 15. feb.

St. U13 -32 (2)			Dr. U15 -66 (3)		
1	Emma THUERINGER	JR	1	Helena BJARNADÓTTIR	JR
2	Mariam BADAWEY	NJARÐVÍK	2	Mikael SKARPHÉÐINSSON	NJARÐVÍK
St. U13 -40 (2)			3	Arnar ARNARSSON	SELFOS
1	Weronika KOMENDERA	JR	Dr. U15 -73 (2)		
2	Birta SIGURÐARDÓTTIR	ÞRÓTTUR	1	Matas NAUDZIUNAS	JR
Dr. U13 -34 (3)			2	Yngvar GÚSTAFSSON	NJARÐVÍK
1	Orri HELGASON	JR	St. U18 -70 (2)		
2	Gabriel REYNISSON	ÞRÓTTUR	1	Daniele KUCYTE	JR
3	Daníel KRISTINSSON	ÞRÓTTUR	2	Rinesa SOPI	NJARÐVÍK
Dr. U13 -42 (3)			Dr. U18 -66 (2)		
1	Jónas GUÐMUNDSSON	JR	1	Daníel ÁRNASON	NJARÐVÍK
2	Gunnar SIGURÐSSON	ÞRÓTTUR	2	Hilmar HÁKONARSON	JR
3	Kristinn GARÐARSSON	ÞRÓTTUR	Dr. U18 -73 (2)		
Dr. U13 -46 (4)			1	Jakub TOMCZYK	SELFOS
1	Elías ÞORMÓÐSSON	JR	2	Claudiu SOHAN	SELFOS
2	Fannar JÚLÍUSSON	SELFOS	Dr. U18 -81 (3)		
3	Björgvin MÁNASON	SELFOS	1	Kjartan HREIÐARSSON	JR
4	Óskar KRISTJÁNSSON	JR	2	Böðvar ARNARSSON	SELFOS
Dr. U13 -55 (5)			3	Jon TABAKU	ÍR
1	Helgi GUÐMUNDSSON	NJARÐVÍK	Dr. U18 +90 (2)		
2	Markús OTTASON	GRINDAVÍK	1	Jóhannes PÁLSSON	NJARÐVÍK
3	Alexander GUÐMUNDSSON	ÞRÓTTUR	2	Jakub TUMOWSKI	ÍR
Dr. U15 -46 (3)			Dr. U21 -73 (3)		
1	Aðalsteinn BJÖRNSSON	JR	1	Ísar GUÐJÓNSSON	GRINDAVÍK
2	Keeghan KRISTINSSON	ÞRÓTTUR	2	Jakub TOMCZYK	SELFOS
3	Kristinn SNÆBJÖRNSSON	JG	3	Ingólfur RÖGNVALDSSON	NJARÐVÍK
Dr. U15 -50 (3)			Dr. U21 -81 (3)		
1	Mikael ÍSAKSSON	JR	1	Kjartan HREIÐARSSON	JR
2	Daron HANCOCK	JR	2	Böðvar ARNARSSON	SELFOS
3	Filip SZAFRANOWICZ	SELFOS	3	Kristinn GUÐJÓNSSON	GRINDAVÍK
Dr. U15 -60 (4)			Dr. U21 -90 (3)		
1	Alexander KUC	SELFOS	1	Andri ÆVARSSON	JR
2	Vésteinn BJARNASON	SELFOS	2	Hrafn ARNARSSON	SELFOS
3	Patrekur UNNARSSON	ÞRÓTTUR	3	Jóhannes PÁLSSON	NJARÐVÍK

Haustmót JSÍ yngri 3. sep.

St. U13 -40 (2)			Dr. U18 -66 (4)		
1	Weronika KOMENDERA	JR	1	Nökkvi VIÐARSSON	JR
2	Emma THUERINGER	JR	2	Daníel ÁRNASON	JSÍ
St. U13 -70 (2)			3	Hilmar HÁKONARSON	JR
1	Helena BJARNADÓTTIR	JR	4	Jónas HÓLMSTEINSSON	JR
2	Aleksander PERKOWSKI	JR	Dr. U18 -81 (3)		
Dr. U13 -42 (2)			1	Kjartan HREIÐARSSON	JR
1	Elías ÞORMÓÐSSON	JR	2	Jakub TOMCZYK	SELFOSS
2	Jónas GUÐMUNDSSON	JR	3	Claudiu SOHAN	SELFOSS
Dr. U13 -55 (2)			Dr. U21 -66 (4)		
1	Fannar JÚLÍUSSON	SELFOSS	1	Daníel ÁRNASON	JSÍ
2	Markús OTTASON	GRINDAVÍK	2	Nökkvi VIÐARSSON	JR
Dr. U15 -50 (2)			3	Hilmar HÁKONARSON	JR
1	Romans PSENICNIJS	JR	4	Jónas HÓLMSTEINSSON	JR
2	Alexander EIRÍKSSON	JR	Dr. U21 -73 (3)		
Dr. U15 -55 (2)			1	Ingólfur RÖGNVALDSSON	JR
1	Aðalsteinn BJÖRNSSON	JR	2	Jakub TOMCZYK	SELFOSS
2	Mikael ÍSAKSSON	JR	3	Ísar GUÐJÓNSSON	GRINDAVÍK
Dr. U15 -66 (2)			Dr. U21 -81 (2)		
1	Daron HANCOCK	JR	1	Kjartan HREIÐARSSON	JR
2	Kent MAZOWIECKI	GRINDAVÍK	2	Kristinn GUÐJÓNSSON	GRINDAVÍK
St. U18 -57 (2)			Dr. U21 -100 (2)		
1	Sara INGÓLFSDÓTTIR	SELFOSS	1	Hrafn ARNARSSON	SELFOSS
2	Anna THUERINGER	JR	2	Andri ÆVARSSON	JR

A-röðun punktastaða erlendis des 2020

Röðun	Nafn	P.fl.	Félag	Samtals 4 bestu	Besti í árangur	Næst besti	Þriðji besti	Fjórhú besti	Allir punktar	Opna Skoska 2020	Grand Prix Tel Aviv 2020	Paris Grand Slam 2020	Opna Danska 2020	Dusseldorf Grand Slam 2020	Budapest Grand Slam 2020	EM Prag 2020	Aldursfl.
1	Sveinbjörn Iura	M-81	Armann	146	120	10	10	6	152		6	10		120	10	6	Sen
1	Egill Blöndal	M-90	Selfoss	6	6	0	0	0	6							6	Sen
1	Hrafn Arnarson	P-90	Selfoss	6	6	0	0	0	6	6							Jun

B-röðun, punktastaða innanlands des 2020

Röðun	Dags. 25. nóvember 2020														
	Nafn	Þyngdarflokkur	Félag	Samtals 3 bestu	Besti í árangur	Næst besti	Þriðji besti	Allir punktar	RIG/AM 2020	Vormót 2020 (aflyst)	Íslandsmót 2020	Haustmót 2020	Aldursflokkur		
1	Daníel Árnason	60	Njarðvík	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
1	Ingólfur Rögnvaldsson	66	Njarðvík	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
1	Zaza Simonishvili	73	JR	30	30	0	0	30	30				Seniorar		
2	Breki Bernharðsson	73	Selfoss	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
1	Adam Þórarinnsson	90	KA	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
2	Úlfur Böðvarsson	90	Selfoss	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
1	Karl Stefánsson	+100	KA	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
1	Ásta Lovísa Arnórsdóttir	57	JR	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
1	Ingunn Rut Sigurðardóttir	78	JR	30	30	0	0	30	30				Seniorar		
2	Heiðrún Pálsdóttir	78	Njarðvík	20	20	0	0	20	20				Seniorar		
3	Natalia Stobinska	78	Ármann	10	10	0	0	10	10				Seniorar		
1	Daníel Árnason	60	Njarðvík	20	20	0	0	20	20				U21		
2	Jónas Hólmsteinsson	60	JR	20	20	0	0	20				20	U21		
1	Daníel Árnason	66	JR	20	20	0	0	20				20	U21		
2	Ingólfur Rögnvaldsson	66	Njarðvík	20	20	0	0	20	20				U21		
3	Hilmar Hákonarson	66	JR	5	5	0	0	5				5	U21		
1	Ingólfur Rögnvaldsson	73	JR	20	20	0	0	20				20	U21		
2	Ísar Guðjónsson	73	Grindavík	20	20	0	0	20	20				U21		
3	Jakub Tomczyk	73	Selfoss	20	10	10	0	20	10			10	U21		
1	Kjartan Hreiðarsson	81	JR	40	20	20	0	40	20			20	U21		
2	Kristinn Guðjónsson	81	Grindavík	10	10	0	0	10				10	U21		
3	Böðvar Arnarsson	81	Selfoss	10	10	0	0	10	10				U21		
1	Andri Ævarsson	90	JR	40	20	20	0	40	20			20	U21		
2	Hrafn Arnarsson	90	Selfoss	10	10	0	0	10	10				U21		
1	Hrafn Arnarsson	100	Selfoss	20	20	0	0	20				20	U21		

1	Daniel Árnason	60	Njarðvík	20	20	0	0	20	20						U18
2	Jónas Hólmsteinsson	60	JR	20	20	0	0	20					20		U18
1	Hilmar Hákonarson	66	JR	25	20	5	0	25	20				5		U18
2	Daniel Árnason	66	Njarðvík	10	10	0	0	10					10		U18
1	Jakub Tomczyk	73	Selfoss	40	20	20	0	40	20				20		U18
1	Kjartan Hreiðarsson	81	JR	40	20	20	0	40	20				20		U18
3	Böðvar Arnarsson	81	Selfoss	10	10	0	0	10	10						U18
1	Jóhannes Pálsson	90	Njarðvík	20	20	0	0	20	20						U18
2	Jakub Tumowski	+90	ÍR	20	20	0	0	20	20						U18

1	Sara Ingólfssdóttir	57	Selfoss	20	20	0	0	20					20		U18
1	Daniele Kucyte	70	JR	20	20	0	0	20	20						U18

Erlend mót og fjölmiðlaumfjöllun

Æft í Ölpunum

11. janúar (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn Lura, Ægir Valsson og Logi Haraldsson hafa verið undanfarna viku við æfingar í austurrísku Ölpunum. Æfingabúðirnar fara fram í bænum Mittersill sem er um það bil einn kílómetra yfir sjávarmáli. Í æfingabúðum þessum sem eru haldnar árlega, safnast saman margir af bestu judomönnum heims og eru þátttakendur í ár um það bil 1500 talsins frá 67 þjóðum. Margir af þátttakendum eru Judomenn sem eru að berjast um sæti á Ólympíuleikunum í Tókýó og er Sveinbjörn Lura einn þeirra. Æfingabúðirnar eru því frábær undirbúningur fyrir þau mót sem eru fram undan, en það eru um það bil 200 dagar í leikanna.



Opna Skoska 2020

24. janúar (Birt á jsi.is)

Selfyssingarnir Breki Bernharðsson, Hrafn Arnarsson og Jakub Tomczy kepptu á Opna Skoska meistaramótinu sem var haldið 18. Janúar. Þjálfari í ferðinni var Egill Blöndal en hann keppti ekki að þessu sinni þar sem hann er að jafna sig af meiðslum. Hrafn átti bestu gengi að fagna af þeim félögum en hann tók þátt bæði í U21 -90 kg og karlaflokki -90 kg. Í U21 árs flokki hafnaði Hrafn í fimmta sæti af þrettán keppendum en hann sigraði tvær viðureignir af fjórum. Í karla flokki varð Hrafn í sjöunda sæti af sextán keppendum og vann þar einnig tvær viðureignir og tapaði tveimur.

Breki Bernharðsson keppti í -73 kg flokki karla og endaði í níunda sæti. Sat hann hjá í fyrstu umferð og sigraði í annarri en varð að játa sig sigraðan í næstu tveimur viðureignum.

Jakup keppti bæði í U21 árs -66 kg og í karlaflokki -66 kg en því miður tapaði hann öllum sínum viðureignum að þessu sinni.

Dómaranámskeið JSÍ 2020

24. janúar (Birt á jsi.is)

Dómaranefnd JSÍ hélt kynningu á dómarareglum IJF 22. janúar og var farið yfir það nýjasta í reglunum, helstu áherslur og vafaatriði útskýrð. Ekki hafa orðið miklar breytingar á reglunum í ár, en lögð hefur verið áhersla á að gera þær skírari og auðskiljanlegri. Var kynningin vel sótt og mættu tæplega þrjátíu manns.



Judokona og Judokarl RIG 2020

27. janúar (Birt á jsi.is)

Ingunn Rut Sigurðardóttir og Zaza Simonishvili voru valin judokona og judokarl Ríg 2020. Ingunn sigraði -78 kg flokk kvenna og Zaza sigraði -73 kg flokk karla.



Sveinbjörn keppti á fyrsta stigamóti ársins í Tel Aviv

27. janúar (Birt á jsi.is)

Tel Aviv Grand Prix var haldið 23. Janúar til 25. Janúar og var Sveinbjörn lura meðal þátttakenda en faðir hans og þjálfari Yoshihiko lura var til aðstoðar. Mótið var gríðarlega öflugt en keppendur voru 547 frá 5 heimsálfum og 83 þjóðum.

Sveinbjörn dróst gegn Yusup Bekmurzaev sem var í 113 sæti heimslistans (WRL) en Sveinbjörn var í 82. Sæti. Þetta var hörku viðureign sem því miður lauk með sigri Bekmurzaev að loknum fullum glímútíma og var þar með keppni lokið hjá Sveinbirni. Bekmurzaev náði yfirhöndinni þegar honum tókst að skora wazaari eftir að rúmlega mínúta var liðin af glímútíma og dugaði það til sigurs. Að undanskildu kastinu virkaði Sveinbjörn síst vera veikari aðilinn ef lítið er heilt yfir glímuna og fékk Bekmurzaev til að mynda tvö refsistig fyrir óhóflega varnartilburði. Sveinbjörn var hársbreidd frá því að ná að skora þegar um tíu sekúndur voru eftir en náði Bekmurzaev að snúa sér út úr kastinu á síðustu stundu.

Silfur á Opna Danska

12. febrúar (Birt á jsi.is)

Keppni fór fram á Danish Open 2020 daganna 8-9 febrúar. Fyrri daginn þegar keppt var í flokkum seniora og U18 gekk erfiðlega hjá okkar mönnum. Það gekk þó mun betur seinni keppnisdaginn þ.e. hjá u15 og u21 árs, glímufjöldinn var nánast sá sami og fyrri keppnisdaginn en það unnust næstum helmingi fleiri glímur.



Vésteinn Bjarnason judo deild Selfoss náði bestum árangri þegar hann náði í silfurverðlaun U15 -60 kg. Vann hann þrjár glímur en tapaði einni. Daníel Árnason UMFN keppti um bronsverðlaunin í U21 -55 kg en varð að játa sig sigraðan og endaði í 5. Sæti. Romans Psenicnijs úr JR vann tvær viðureignir og tapaði tveimur í U15 -46 kg flokki og varð í 7. sæti.

Aðrir náðu ekki eins langt en nokkrir unnu ýmist eina til tvær glímur og sýndu frábær tilþrif eins og t.d. Ouchi-gari hjá Aðalsteini Björnssyni og Logi Haralds átti frábært

kast í einni uppreisnarglímunni svo eitthvað sé nefnt en það má líklega sjá allar glímurnar hér á næstu dögum. Hér má sjá öll úrslit mótsins.

Úrslit Grand Slam Paris

12. febrúar (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura keppti 9. febrúar á Paris Grand Slam 2020 og mætti þar Michael Aristos frá Kýpur. Þetta var jöfn viðureign en Sveinbjörn þó öllu sterkari. Þegar venjulegum glímútíma var lokið hafði hvorugur skorað en Michael var kominn með eitt refsistig. Eftir um það bil eina mínútu í gullskors viðureigninni fékk hann sitt annað refsistig og það stefndi í sigur fyrir Sveinbjörn en skömmu síðar komst Michael í góða sókn og skoraði ippon með vinstra ouchi gari og þar með var keppni lokið hjá Sveinbirni.

Það sem mesta athygli vakti í dag var þegar Teddy Riner tífaldur heimsmeistari og tvöfaldur Ólympíumeistari tapaði en hann hafði verið ósigraður í tíu ár og unnið 154 viðureignir í röð. Næsta mót hjá Sveinbirni verður 22. febrúar í Þýskalandi á Dusseldorf Grand Slam.

Sveinbjörn komst í þriðju umferð í Dusseldorf

24. febrúar (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura keppti um síðast liðna helgi þ.e. 22. Febrúar á Dusseldorf Grand Slam. Sveinbjörn dróst gegn Sotelo Angeles en sátu þeir báðir hjá í fyrstu umferð og mætust því annarri umferð. Sotelo sótti meira í byrjun glímunnar og komst snemma yfir, þegar honum tókst að skora wazaari með seoinage kasti. Sveinbjörn nýtti þó misheppnaðar

sóknir Sotelo til þess að vinna í gólfinu og var nærri því tvisvar búinn að ná Soltelo í fastatak. Í þriðja skiptið náði Sveinbjörn að festa Soltelo á bakinu og komst hann hvergi.

Sigraði því Sveinbjörn á öruggu fastatak. Næst mætti hann Jaromír Muzil frá Tékklandi, sem áður hafði sigrað Sacha Denanyoh frá Togo. Sveinbjörn byrjaði glímuna gegn Muzil af krafti og náði góðum tókum. Sveinbjörn sótti að Muzil en sóknir hans báru ekki árangur, hins vegar nýtti Muzil sér misheppnaða sókn Sveinbjörns til þess að sækja að Sveinbirni í gólfinu og tókst honum að komast í armlás og neyddist Sveinbjörn til þess að gefast upp eftir mikla mótspyrnu. Árangur þessi veitti Sveinbirni 120 punkta fleytti honum í 75. Sæti heimslistans. Það er gaman að greina frá því að Robin Pacek frá Svíþjóð, Robin Pacek (-81 kg) átti frábæran dag en hann sigraði fimm andstæðinga af sex og tók bronsverðlaunin og eru það fyrstu verðlaun hans á Grand Slam móti og nánast tryggt sér farseðilinn á Ólympíuleikana í sumar en 18 efstu á listanum eru öruggir inn auk þeirra sem komast inn á álfukvóta. Robin var með 1.669 Ól. punkta fyrir þetta mót og inni á leikunum í gegnum álfukvóta sem hann mun þá ekki þurfa að nota og einhver annar fær þann rétt og verður fróðlegt að fylgjast með því.

Logi, Breki, Hrafn og Kjartan taka þátt í OTC æfingabúðum í Nymburg

2. mars (Birt á jsi.is)

Logi Haraldsson, Kjartan Hreiðarsson, Hrafn Arnarsson og Breki Bernhardsson eru í þann mund að hefa æfingar í OTC (Olympic training centre) æfingabúðum í Nymburg, Tékklandi. Verða þeir þar við æfingar 2.-8. Mars þar sem munu æfa tvisvar á dag ásamt mörgu af besta judofólki heims. Æfingabúðirnar eru meðal annars liður í undirbúningi fyrir Norðurlandamótið sem fer fram hér á Íslandi daganna 25. – 26. Apríl næstkomandi í Laugardalshöll. Árni Lund og Egill Blöndal áttu einnig að fara en komust ekki að þessu sinni og Sveinbjörn lura er áleið til Marrakó þar sem hann tekur þátt í Rabat Grand Prix.



Annað áfall hjá Sveinbirni

3. mars (Birt á mbl.is)

Sveinbjörn Jun lura, judokappi úr Ármanni, þarf að bíða enn lengur eftir að geta tryggt sér sæti á Ólympíuleikunum eftir að alþjóðlega judosambandið aflýsti öllum mótum á vegum þess frá og með deginum í dag til 30. apríl.

Sveinbjörn átti að keppa á móti í Marokkó um síðustu helgi en því móti var frestað vegna kórónuveirunnar. Þá breytti hann um stefnu og ætlaði að keppa á mótum í Síle og Perú en þeim hefur nú líka verið frestað. Ólympíuleikarnir hefjast 24. júlí.



„Ég var á leiðinni til Síle í kvöld til að keppa á móti þar, var búinn að kaupa flugmiða og allt, en það er búið að aflýsa fluginu og mótinu. Ég ætlaði svo að keppa í Perú en það verður ekkert af því. Ég keypti þessi flug fyrir löngu og mínir eigin styrktaraðilar eru búnir að styrkja mig en það voru engar tryggingar keyptar. Maður verður bara að halda haus og ekki panikka. Það er það eina sem hægt er að gera. Það eru allir að glíma við þetta núna en þetta er auðvitað alveg ömurlegt,“ sagði Sveinbjörn í samtali við RÚV.

Keppendur í judo hafa til 25. maí til að ná lágmarki fyrir Ólympíuleikana en frestanir af völdum kórónuveirunnar gætu þó leitt til þess að sú dagsetning yrði færð.

Dagur í lífi Judokappa

7. apríl (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn Jun lura er margfaldur Íslandsmeistari í judo, en hann keppir í -81kg flokki og hefur verið kjörinn Judomaður ársins þrisvar sinnum. Sveinbjörn setti markið á Ólympíuleikana í Tókýó 2020 fyrir nokkrum árum og hefur stefnt að því síðan að keppa fyrir Íslands hönd á leikunum. Nú hefur þeim verið frestað um eitt ár og því þarf Sveinbjörn að endurskipuleggja allar sínar æfingar og keppnir upp á nýtt. Hann æfir eins vel og hann getur þessa dagana og ætlar að leyfa okkur hinum að fylgjast með því hvernig dagur í lífi hans er á Instagram síðu ÍSÍ nk. fimmtudag.

#heimaJudo

8. apríl (Birt á jsi.is)

Judosamband Íslands hefur sett af stað verkefnið #heimaJudo og felst það í því að judo iðkendur og aðrir áhugasamir geti stundað judoæfingar heima við. Með þessu gefst tækifæri að æfa fimm sinnum í viku á markvissan hátt, þrátt fyrir þær takmarkanir sem fólk býr við í samkomubanni vegna COVID-19 faraldursins.

Jón Þór Þórarinsson landsliðsþjálfari mun koma til með að senda inn æfingaáætlanir í hverri viku sem er aðgengilegt öllum, en hann er nú þegar búinn að setja inn áætlanir fyrir tvær vikur. Bestu judomenn Íslands leggja einnig Jóni Þóri lið og koma til með að senda inn sínar æfingar. Æfinga þrógrammið samanstendur af fimm æfingum á viku og krefst lítils búnaðar. Megin áhersla er lögð á þrek- og styrktar æfingar og er markmiðið miðast að iðkendur verði í topp formi þegar þeir snúa aftur til hefðbundna æfinga, og keppni mun hefjast að nýju.

Æfingaáætlanirnar eru sendar inn vikulega á Instagram og Facebook síðum JSÍ. Einnig hvetur JSÍ alla að senda inn sínar æfingar á samfélagsmiðla JSÍ og sína hvernig fólk heldur sér í formi í samkomubanninu. Endilega fylgið okkur hér fyrir neðan má finna síður JSÍ og hashtag. #heimaJudo

Frá JSÍ æfingabúðum á Hellu

28. september (Birt á jsi.is)

Daganna 25.- 27 september fóru fram landsliðsæfingabúðir JSÍ á Hellu. Æfingabúðirnar voru ætlaðar iðkendum í aldursflokkum U18, U21 og senior og voru þær vel sóttar. Jón Þór Þórarinsson stýrði þjálfun æfingabúðanna en iðkendur nutu jafnframt leiðsagnar einvala liðs annarra þjálfara og má þar nefna Yoshihiko Iura, Bjarna Friðriksson, Halldór Guðbjörnsson, Garðar Skaptason og Kára Jakobsson. Æfingabúðirnar saman stóðu mest megin af glímu og þrekæfingum en einnig var boðið upp á vinnustofu í íþróttasálfræði, en henni stýrði Helgi Pálsson íþróttasálfræðingur.




Keppir loks erlendis á ný

23. október (Birt á mbl.is)

Sveinbjörn Iura er kominn til Ungverjalands og verður á meðal keppenda á Budapest Grand Slam mótinu í judo sem hefst í dag en Sveinbjörn keppir á morgun.

Sveinbjörn keppir í -81kg flokki og mætir Damian Szwarnowiecki frá Póllandi sem er í 42. sæti heimslistans sem stendur. Pólverjinn er líklega erfiðari andstæðingur en heimslistinn gefur til kynna því hann hafnaði í 5. sæti á HM árið 2018.



Sveinbjörn er einn þeirra íslensku íþróttamanna sem hefur unnið að því síðustu árum að vinna sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Tókýó sem fara áttu fram í sumar en var frestað þar til næsta sumar. Hann hefur ekki haft tækifæri til að keppa á alþjóðlegum mótum í langan tíma vegna faraldursins en Alþjóða judosambandið stóð síðast fyrir móti í febrúar.

Úrslit Budapest Grand Slam

24. október (Birt á jsi.is)

Budapest Grand Slam fór fram um helgina. Gert var hlé á mótaseríu Alþjóða Judosambandsins (IJF) vegna Covid-19 veirufaraldarins og var þetta fyrsta mótið í tæpa átta mánuði. Mótið var gríðar sterkt eins og venja er þegar um er að ræða Grand Slam mót. Keppendur voru 407 talsins frá 61 löndum. Karlar voru 256 og konur 151.



Sveinbjörn Jun Iura var eini fulltrúi Íslands og kepptí -81kg flokki. -81 kg flokkurinn var gríðar sterkur. 43 keppendur voru skráðir til leiks og er vert að taka fram að ellefu af tuttugu stigahæstu mönnum heimslista IJF voru meðal þátttakenda flokksins.

Sveinbjörn raðaðist upp á móti Damian Szwarnowiecki frá Póllandi í fyrstu umferð. Áttust þarna við tveir örvhentir Judomenn og einkenndist viðureign þeirra af mjög jafnri gripabaráttu. Hvorugur náði sterkum gripum en Szwarnowiecki sótti samt sem áður í veikar vinstri seonage sóknir sem skiluðu ekki skori, með þessu móti náði hann samt sem áður að draga Sveinbjörn í gólfglímu. Swarnowiecki er gríðarlega góður gólfglímumaður og er aðallega þekktur fyrir sérstaka útfærslu af sangaku hendingartaki. Swarnowiecki gerði harða atögu að Sveinbirni í gólfinu og var búinn að ná fastatak á einum tímapunkti en Sveinbjörn varðist vel og náði að losa sig. Glíman fór að miklu leiti fram í gólfglímu og átti Sveinbjörn tækifæri að snúa glímunni í gólfinu sér í vil. Þegar um tvær mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma náði Swarnowiecki að skora wasaari með vinstra osoto-makikomi. Ekki var meira skorað í viðureigninni og dugaði því þetta Swarnowiecki til sigurs og var Sveinbjörn þar með úr leik.

Úrslit EM 2020 í Prag

24. nóvember (Birt á jsi.is)

Sveinbjörn Iura og Egill Blöndal tóku þátt í Evrópumeistaramótinu sem fram fór í Prag 19.-21. nóvember. Sveinbjörn Iura raðaðist upp á móti Marcel Cercea frá Rúmeníu í -81 kg flokknum. Viðureignin var mjög jöfn, báðir keppendur frengu refsistig eftir um það bil eina mínútu fyrir sóknarleysi og tæpri mínútu síðar fék Cercea annað refstig, nú fyrir ólögleg tök en Sveinbjörn hafði þá náð að pressa vel á hann. Sveinbjörn leiddi á þessum tímapunkti glímuna 1-2 í refsistigum og mátti Cercea ekki fá annað til viðbótar ef hann ætlaði ekki að láta dæma Sveinbirni sigur. Cercea sótti nú stíft að Sveinbirni en hann varðist með því að halda í beltið hjá Marcel og ýta honum frá sér en hélt of lengi í beltið og fékk því sitt annað shido. Marcel pressaði nú ákveðið að Sveinbirni og reyndi að fá hann til að stíga út fyrir það en þá hefði Sveinbjörn fengið sitt þriðja shido og tapað. Sveinbjörn reyndi að verjast því en við það opnaðist hann og Marcel var fljótur að átta sig og sópaði undan honum fótunum með Deashi harai og skoraði waza-ari. Eftir þetta reyndi Sveinbjörn að svara en allt kom fyrir ekki og dugaði þetta Cercea til sigurs.



Egill mætti hinum gríðarsterka Beka Gviniashvili frá Georgíu. Gviniashvili er fyrrum heimsmeistari U21 og margfaldur verðlaunahafi á stórmótum IJF. Gviniashvili sat í 10. sæti heimslista IJF fyrir þetta mót og var þriðji sterkasti keppenda -90 kg flokksins ef tekið er mið af stöðu á heimslista. Gviniashvili stýrði gripabaráttunni í glímuni og hóf strax að sækja að Agli sem náði að verjast fyrstu sóknunum Gviniashvili. Egill reyndi að snúa vörn í sókn og reyndi kata guruma. Egill náði að koma Gviniashvili úr jafnvægi en náði ekki að skora. Stuttu seinna sótt Gviniashvili inn í leiftursnöggt uchimata og skoraði ippon og sigraði þar með viðureignina. Gviniashvili endaði í þriðja sæti í flokknum síðar um daginn.

Ársreikningur árið 2020

Rekstrarreikningur ársins

	Skýr.	2020	2019
Lottótekjur		5.285.619	4.167.925
Útbreyðslustyrkur og aðrir styrkir ÍSÍ		3.975.896	2.733.191
Ríkisstyrkur		2.950.000	2.950.000
Afrekssjóður		8.039.820	9.500.000
Mótatekjur, gráðanir og árgjöld		661.451	1.582.648
Aðrar tekjur		4.541.553	5.148.829
		<u>25.454.339</u>	<u>26.082.593</u>
Ferða og keppnisstyrkir		(6.763.095)	(14.196.173)
Mótakostnaður		(6.061.337)	(4.495.173)
Verktakagreiðslur		(8.020.984)	(8.322.131)
Húsaleiga		(422.808)	(402.708)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(519.559)	(781.828)
Annar rekstrarkostnaður		(629.486)	(1.297.733)
		<u>(22.417.269)</u>	<u>(29.495.746)</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		3.037.070	(3.413.153)
Fjármunatekjur		40.904	2.370
Fjármagnsgjöld		(11.415)	(22.768)
		<u>29.489</u>	<u>(20.398)</u>
	3		
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>3.066.559</u></u>	<u><u>(3.433.551)</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	2.354.187	2.882.184
Aðrar skammtímakröfur	4	0	281.105
Handbært fé	4	5.166.399	1.928.260
		<u>7.520.586</u>	<u>5.091.549</u>
Eignir		<u>7.520.586</u>	<u>5.091.549</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Óráðstafað eigið fé		<u>7.520.586</u>	<u>4.454.027</u>
Eigið fé		<u>7.520.586</u>	<u>4.454.027</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	6	0	637.522
		<u>0</u>	<u>637.522</u>
Skuldir		<u>0</u>	<u>637.522</u>
Eigið fé og skuldir		<u>7.520.586</u>	<u>5.091.549</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta		3.037.070	(3.413.153)
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		<u>3.037.070</u>	<u>(3.413.153)</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		809.102	(9.944)
Rekstartengdar skuldir, (lækkun)		<u>(637.522)</u>	<u>(105.829)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		3.208.650	(3.528.926)
Innborgaðir vextir		40.904	2.370
Greiddir vextir		<u>(11.415)</u>	<u>(22.768)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>3.238.139</u>	<u>(3.549.324)</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		3.238.139	(3.549.324)
Handbært fé í upphafi árs		<u>1.928.260</u>	<u>5.477.584</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>5.166.399</u></u>	<u><u>1.928.260</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Júdósambands Íslands (Hér eftir nefnt JSÍ) eru heildarsamtök Júdófélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur JSÍ fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	40.904	2.370
	40.904	2.370
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Önnur vaxtagjöld	(11.415)	(22.768)
	(11.415)	(22.768)
	29.489	(20.398)

4. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Aftekssjóður	0	500.000
ÍÍ Lottó- og útbreiðslustyrkur	2.354.187	2.382.184
	2.354.187	2.882.184

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	281.105
	0	281.105

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2020	31.12.2019
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	5.166.399	1.928.260
	5.166.399	1.928.260

5. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2019	7.887.578
Hagnaður/(tap) ársins	(3.433.551)
Eigið fé 1.1.2020	4.454.027
Hagnaður/(tap) ársins	3.066.559
Eigið fé 31.12.2020	7.520.586

6. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Fyrirframinnheimtar tekjur	0	161.371
Kreditkort, VISA	0	476.151
	<u>0</u>	<u>637.522</u>

7. Samþykki ársreiknings

Ársreikningur samþykktur af stjórn 24. apríl 2021